

Skilmálar fyrir Sjónvarpsþjónustu Símans

1. Almenn

- a. Skilmálar þessir gilda um Sjónvarpsþjónustu Símans, sem og myndefni sem er leigt eða keypt í áskrift Sjónvarpsþjónustunnar. Almennir skilmálar Símans gilda þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Stangist ákvæði þeirra og ákvæði þessara skilmála á, skulu ákvæði þessara skilmála ganga fram.
- b. Aðgangur að Sjónvarpsþjónustu Símans gerir viðskiptavinum kleift að nálgast sjónvarpsefni sem tilteknar efnisveitur bjóða.
- c. Verð fyrir þjónustuna kemur fram í verðskrá eins og hún er á hverjum tíma.

2. Þjónustan

- a. Skilyrði þess að geta keypt þjónustuna er að viðskiptavinur hafi náð 18 ára aldri.
- b. Til þess að nota þjónustuna verður viðskiptavinur að hafa virka internettengingu í gegnum fastlínukerfi sem Síminn hefur aðgang að.
- c. Þjónustan er einungis ætluð til einkanota viðskipavinar og þeirra aðila sem tilheyra fjölskyldu hans. Óheimilt er að nota þjónustuna í viðskiptalegum tilgangi en Síminn kann þó að bjóða fyrirtækjum að nýta þjónustuna í viðskiptalegum tilgangi samkvæmt sérstakri verðskrá.
- d. Mögulegt er að kaupa viðbótaráskriftir eða leigja stakt myndefni í gegnum viðmót þjónustunnar. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að gera viðeigandi ráðstafanir í viðmóti til þess að tryggja að aðrir notendur þjónustunnar eða óviðkomandi kaupir ekki eða leigi ekki myndefni án heimildar áskrifanda, s.s. með því að setja lyklnúmer (PIN) sem skilyrði fyrir kaupum á áskrift eða leigu myndefnis. Viðskiptavin er skyldur að greiða fyrir allar áskriftir eða leigur sem hafa verið leigðar í gegnum viðmót þjónustunnar.
- e. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að stilla aldurstakmörk í viðmóti og takmarka aðgengi barna að myndefni sem bannað er börnum.
- f. Viðskiptavinur er óheimilt að gera afrit af myndefni úr sjónvarpsútsendingum nema því aðeins að slík afrit séu ætluð til einkanota á skráðum notkunarstað áskriftarbúnaðarins og að öllu leyti í samræmi við lög og reglur.
- g. Gæði og virkni þjónustunnar getur verið mismunandi eftir því viðtæki sem notandi nýtir til áhorfs, og hafa margir mismunandi þættir áhrif á þjónustuna, s.s. staðsetning, aðgengileg bandvidd og/eða hraði internettengingar sem áskrifandi notar til þess að nálgast þjónustuna. Notkun í háskerpu (eða UHD) er háð viðkomandi internettengingu og hvort viðtæki styður viðeigandi gæðastaðal. Síminn leitast við að afhenda þjónustuna í samræmi við gæði internettengingar hverju sinni. Lágmarks niðurlahshraði til þess að ná SD gæðum er 0,5 Mbps en Síminn mæli með hraðari tengingu fyrir aukin gæði myndar. Lágmarks niðurlahshraði fyrir HD gæði (skilgreint sem 720p eða hærra) er a.m.k. 5,0 Mbps fyrir hvert streymi.

3. Búnaður

- a. Viðskiptavinur fær afhentan áskriftarbúnað sem samanstendur af myndlykli, fjarstýringu og tengisnúrum gegn greiðslu samkvæmt verðskrá hverju sinni. Búnaðurinn er eign Símans og viðskiptavinur ber að skila honum þegar hann segir upp þjónustunni.

- b. Síminn getur án fyrirvara krafið áskrifanda um að fá búnaðinn til skoðunar enda fái áskrifandi annan samsvarandi búnað á meðan skoðun stendur.
- c. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllu tjóni á þeim búnaði sem Síminn lætur honum í té. Viðskiptavinur skal greiða allan kostnað vegna viðgerða á búnaði sem stafar af rangri notkun eða slæmri meðferð á honum, í samræmi við verðskrá Símans. Eyðileggist eða glatist búnaður í vörslu viðskiptavinar ber honum að greiða Símanum kostnaðarverð nýs búnaðar eins og það er á hverjum tíma, skv. verðskrá. Greiðsla vegna ónýts eða glataðs búnaðar hefur ekki áhrif á eignarrétt Símans á búnaðinum og felur undir engum kringumstæðum í sér framsal á eignarrétti búnaðar.
- d. Viðskiptavin er óheimilt að taka áskriftarbúnaðinn í sundur eða valda nokkrum breytingum á hugbúnaði sem honum tilheyrir.
- e. Búnaðurinn er einungis ætlaður viðskiptavin. Óheimilt að leyfa öðrum afnot af honum með því að leigja hann út, selja eða láta af hendi með öðrum hætti. Síminn ábyrgist ekki að búnaðurinn virki annar staðar en á upphaflegu heimili viðskiptavinar, t.d. eftir búferlaflutning.
- f. Aukaáskriftargjald á aukamyndlykli er skv. verðskrá hverju sinni og greiðist sú upphæð til Símans. Með aukaáskriftargjaldi er átt við þegar áskrift speglast á aukalykil og er innheimt fyrir allar áskriftarstöðvar nema grunnáskrift.
- g. Aukamyndlykla má aðeins nota á sama heimili og aðalmyndlykil. Sé aukamyndlykill notaður utan heimilis má innheimta fullt áskriftargjald fyrir hann frá upphafi skráningar.
- h. Við uppsögn á Sjónvarpþjónustu Símans ber viðskiptavin að skila öllum búnaði sem tengist þjónustunni.

4. Annað

- a. Þjónustan er reglulega uppfærð og breytt á hverjum tíma þar sem nýju myndefni er reglulega bætt við og annað myndefni tekið úr notkun. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta því myndefni sem er aðgengilegt hverju sinni án tilkynningar, þ.m.t. bæta við nýju myndefni, fjarlægja myndefni eða breyta viðmóti eftir því sem Síminn telur rétt og eðlilegt á hverjum tíma, sem og vegna samninga við rétthafa.
- b. Brjótí viðskiptavinur gegn skilmálum þessum er Símanum heimilt að neita viðskiptavin um áframhaldandi þjónustu og krefjast skila á öllum áskriftarbúnaði.

5. Greiðslur

- a. Viðskiptavin ber að greiða fyrir alla notkun á þjónustunni, jafnvel þó einhvern annar aðili hafi notað þjónustuna
- b. Að öðru leyti gilda Almennir skilmálar um greiðslu fyrir þjónustuna

6. Uppsögn þjónustu

- a. Ákveði viðskiptavinur að segja upp þjónustunni greiðir hann fyrir þjónustuna út þann mánuð sem henni er sagt upp í.

- b. Síminn ber enga ábyrgð á innheimtu eða uppsögn þjónustu þriðja aðila sem áskrifandi kaupir í gegnum þjónustuna, nema í tilvikum sem Síminn annanst innheimtu. Uppsögn á þjónustu skv. skilmálum þessum hefur ekki áhrif á sjónvarpsáskriftir sem áskrifandi kaupir af þriðja aðila.
- c. Við uppsögn á Sjónvarpsþjónustu Símans ber viðskiptavini að skila áskiftarbúnaði. Síminn innheimtir gjald fyrir áskriftarbúnað þar til honum hefur verið skilað.
- d. Að öðru leyti gilda ákvæði Almennra skilmála um uppsögn

7. Breytingar á skilmálum

- a. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu vegna þjónustunnar í samræmi við Almenna skilmála Símans og gildandi fjarskiptalög á hverjum tíma. Munu slíkar breytingar vera tilkynntar viðskiptavinum með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.